

FJALLABYGGÐ

fyrir frumkvöðla



Fjallabyggð



Fjarlægðir í mínútum*

Siglufjörður - Ólafsfjörður 12 mín

Akureyri - Ólafsfjörður 40 mín

Akureyri - Siglufjörður 52 mín

Reykjavík - Siglufjörður 4,5 klst

* Eftir opnun Héðinsfjarðarganga árið 2009

Komdu í Fjallabyggð!

Í Fjallabyggð er gott að búa og skiptir náttúrufegurð, fjölskylduvænt umhverfi og vinalagt mannlíf þar miklu máli. Í sveitarfélaginu eru nú tveir þéttbýliskjarnar, Ólafsfjörður og Siglufjörður. Við opnun Héðinsfjarðarganga mynda þeir einn samfelldan byggðakjarna enda mun leiðin milli þeirra einungis verða um 15 km. Sveitarfélagið tengist þá einnig í heild sinni við Eyjafjarðarsvæðið.

Þann 1. desember 2006 voru íbúar Fjallabyggðar 2.261. Á Siglufirði búa 1.338 en í Ólafsfirði eru íbúarnir 923. Á báðum stöðum eru karlmenn ívið fleiri en konurnar.



1. Útgáfa 2007

Hönnun og texti: Grafika ehf

Myndir: Gísli Kristinsson, Kristinn Benediktsson, Magnús Sveinsson,

Guðrún Anna Magnúsdóttir, Eva Hrönn Guðnadóttir



Atvinnulíf

Bæirnir tveir hafa hingað til byggt afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og margs konar þjónustu við þessar greinar iðnaðar, svo sem vélsníði og netagerð. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist. Mikill vaxtarbroddur er í ferða- iðnaði og ýmis konar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu en auk þess eru í Fjallabyggð smíðaðir bátar, slökkvi- og sjúkrabílar og fiskvinnsluvélar svo eitthvað sé talið.

Á döfinni er bygging framhaldsskóla með höfuðstöðvar í Ólafsfirði sem tekur til starfa haustið 2009. Með skólanum verða til nýir möguleikar á að laða til svæðisins fjölskyldu- og menntafólk ásamt unglingum á mennta- skólaaldri víða af landinu.

Fjallabyggð er þátttakandi að stofnun fyrirtækis um jarðgerð og flokkun sorps sem tengist nýrri jarðgerðarvél sem var hönnuð og smíðuð á Siglufirði. Með vélinni sparast langar vegalengdir í akstri með sorp og urðun þess. Auk þess verður það sem í vélina fer að fyrirtaks gróðurmold.

Frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru skipulögð í Ólafsfirði og á Siglufirði og er veruleg ásókn í þær lóðir. Verið er að reisa sumarhús á þessum svæðum og er gert ráð fyrir rennandi vatni og rafmagni.

Íbúar í Fjallabyggð

Ólafsfjörður: 923

Siglufjörður: 1338

Samtals Fjallabyggð: 2261





Ert þú frumkvöðull?

Í Fjallabyggð er atvinnuhúsnæði ódýrt, lóðaverð lágt og talsvert framboð af starfsfólki. Flutningar til og frá svæðinu eru greiðir. Í Fjallabyggð er uppskipunarhöfn fyrir skip og báta og með opnun Héðinsfjarðarganga styttist leiðin til Akureyrar umtalsvert. Fjallabyggð er því góður kostur fyrir staðsetningu fyrirtækja og gætu framleiðslufyrirtæki, verslunar- og þjónustufyrirtæki og rekstur á borð við heilsustofnanir og meðferðarstofnanir átt þar blómlega framtíð. Fyrirtæki í ferðamannaíðnaði eiga hér einnig sóknarfæri. Nýsköpunarmiðstöð Íslands tekur virkan þátt í uppbyggingu á svæðinu.

Fjölskyldan í Fjallabyggð

Fjölskyldufólki líður vel í Fjallabyggð. Í sveitarfélaginu eru góðir grunnskólar og tónlistarskólar. Í Fjallabyggð eru engir biðlistar á leikskóla og frír leikskóli fyrir 5 ára börn. Ólafsfjörður býður upp á lengda viðveru fyrir börn í 1-3 bekk og fyrirhugað er á bjóða upp á skólamáltíðir í hádeginu í grunnskólum Fjallabyggðar frá næstu áramótum.

Vegna stuttra vegalengda getur fjölskyldan eytt meiri tíma saman og foreldrar geta áhyggjulausir látið börnin leika sér úti í náttúrulegu og ævintýrlegu umhverfi. Með tilkomu framhaldsskólans í Ólafsfirði geta unglingar búið í foreldrahúsum á meðan á framhaldsnámi standur.



Í Fjallabyggð er góð heilbrigðisstofnun og er unnið að stækkun hennar. Vel er hugsað um aldraða og aðstaða fyrir aldraða er mjög góð í sveitarfélaginu. Umræður eru í gangi um að skipuleggja sérstakt svæði í miðbæ Siglufjarðar undir þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Góð heilsugæsla er bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði.

Verzlun og þjónusta

Margs konar verslun og þjónusta er í Fjallabyggð. Matvöruverslanir, lyfjabúðir, sparisjóðir og tannlæknar eru í báðum byggðarkjörnum. Á Siglufirði eru einnig bakarí, fiskbúð og efnalaug og í Ólafsfirði er m.a. ökuskóli og skiltagerð. Tryggingafélög reka útibú í Fjallabyggð og á svæðinu má finna hárgreiðslu- og snyrtistofur, bensínstöðvar og bifvéla- og vélaverkstæði. Í sveitarfélaginu eru einnig veitinga- og skemmtistaðir.



5 mínútur

Í Fjallabyggð tekur um 5 mínútur að sækja alla helstu verslun og þjónustu og það eru engin umferðarljós í byggðinni.

Íþróttir og menning

Aðstaða fyrir bolta- og skíðaíþróttir er til fyrirmyndar í Fjallabyggð og státar sveitarfélagið af frábærum skíðasvæðum, góðum íþróttavöllum og glæsilegum íþróttahúsum. Hestamennska er talsvert stunduð og tveir níu holu golfvöllir eru á svæðinu. Sjóstangaveiði og dorg eru af heimamönnum stunduð allan ársins hring. Innisundlaug er á Siglufirði og útisundlaug í Ólafsfirði með heitum pottum og barnalaug.

Blómlegt menningarlíf er í sveitarfélaginu með kóra og klúbbastarfi.

Nokkur söfn eru í Fjallabyggð og má þar helst nefna Síldarminjasafn Íslands, Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði, Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar og Listhúsið í Ólafsfirði. Tónlistarlíf er mikið í Fjallabyggð.





Íþróttamót

Tvö stór íþróttamót eru árviss viðburður í Fjallabyggð. Nikulásarmótið í knattspyrnu er fyrir drengi og stúlkur í 5.-7. flokki og er haldið í Ólafsfirði. Á Siglufirði er haldið Pæjumót sem er knattspyrnumót fyrir stúlkur í 4.-7. flokki.

Hátíðir

Fjórir stórir viðburðir eru í Fjallabyggð á ári hverju, Blúshátíð í Ólafsfirði í lok júní, Þjóðlagahátíð á Siglufirði í júlí, Síldarævintýrið á Siglufirði um verslunarmannahelgina og Berjadagar í Ólafsfirði sem haldnir eru upp úr miðjum ágúst.

Blúshátíð í Ólafsfirði er fyrsta blúshátíðin á Íslandi, þangað hafa komið margir af þekktustu tónlistarmönnum landins sem og fjölmargir erlendir listamenn. Það myndast mikil stemning í Ólafsfirði á blúshátíð með útimarkaði og tónleikum.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði á rót sína í þjóðlagarfinum og koma þar fram bæði innlendir og erlendir listamenn. Þjóðlagahátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí. Auk tónleika er boðið upp á fjölmörg námskeið. Þá er börnum þátttakenda boðið upp á ókeypis námskeið í leiklist og tónlist.

Skíðaparadís

Skíðasvæðið í Fjallabyggð var opið lengst allra skíðasvæða síðastliðin vetur eða allt fram í júní





Um verslunarmannahelgina fyllist Siglufjörður af fólki sem kemur á Síldarævintýrið. Bærinn iðar af fjöri og verður að einu samfelldu tjaldstæði. Fólk skemmtir sér við síldarsöltun, tónleikahald landspekktra listamanna, dans og söng. Þessi viðburður er löngu orðinn víðfrægur og vilja margir landsmenn alls ekki missa af honum.

Berjadagarí Ólafsfirði er listahátíð með viðburðum, tónleikum og myndlistarsýningum og þykir hún ómissandi þáttur í menningarlífi Fjallabyggðar.

Fallegt í Fjallabyggð

Mikil náttúrufrægurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Sem dæmi má nefna er eyðifjörðurinn Héðinsfjörður vinsæll áfangastaður ferðalanga, enda er hann rómaður fyrir óspillta náttúrufrægurð. Á sumrin geta ferðamenn horft á miðnætursólina dansa á sjóndeildarhringnum áður en hún rís að nýju og á vetrum eru norðurljósín oft stórfengleg.

Takið þátt

Verið velkomin í Fjallabyggð og takið þátt í að byggja upp öflugt og vinalegt samfélag þar sem hvers kyns frumkvöðlastarf við atvinnusköpun er mikils metið.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um Fjallabyggð á vefslóðinni **www.fjallabyggd.is**

Vertu í sambandi

Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri - thorir@fjallabyggd.is

Jón Hrói Finnsson, þróunarstjóri - jonhroi@fjallabyggd.is

Gísli Rúnar Gylfason, íþrótt og æskulýðsmál - gisli@fjallabyggd.is

Hjörtur Hjartarsson, félagsmálastjóri - hjortur@fjallabyggd.is

Ingibjörg Magnúsdóttir, skipulags- og umhverfismál - ingibjorgm@fjallabyggd.is

Ólafur Þór Ólafsson, skrifstofu- og fjármálastjóri - olafur@fjallabyggd.is

Ómar Hauksson, atvinnu- og ferðamál - omar@ssnv.is

Fjallabyggð

Gránugötu 24, 580 Siglufirði, Ólafsvogi 4, 625 Ólafsfirði,

Sími 464 9100 Fax 464 9101

fjallabyggd@fjallabyggd.is – www.fjallabyggd.is